

Kennari:
Guðný Pála Rögnvaldsdóttir
Kristrún Una Thoroddsen
María Erian Guðmundsdóttir

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla inn í bekk
Útikennsla

Tímafjöldi:
6 kennslustundir

Bekkur:
5. bekkur

Íslenska

Traust kunnáttu í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er undirstaða alls náms og öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar. Jafnframt er tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Skólinn verður í upphafi skólagöngu virkur þátttakandi í máluppeldi barna ásamt heimili þeirra.

Mikilvægt er að grunnskólanám í íslensku sé heildstætt. Það er hlutverk íslenskukennara að stuðla að því að nemendur öðlist þekkingu á tungumálinu og leikni í að nota það við sem fjölbreytilegastar aðstæður. Leitast er við að vekja áhuga nemenda á tungumálinu, að þeir þekki helstu hugtök þess og hlutverk í málinu og fái æfingu í að beita þeim. Lögð er áhersla á lestur og læsi, þar sem nemendur þjálfast í að leita sér upplýsinga úr margvíslegum miðlum, ásamt því að efla áhuga á bókmenntum og lestri. Lögð er áhersla á góðar skriftarvenjur, skipulag og úrvinnslu. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að láta reyna á mál sitt við að leysa viðfangsefni og tjá hugsun sína og skoðanir við sem flest tækifæri en gott vald á munnlegri tjáningu nýtist í öllum námsgreinum. Vekja þarf athygli þeirra á einkennum málsins, töfrum þess og mætti. Skólastofan á að vera vettvangur umræðu, samskipta af ýmsu tagi, lestrar og ritunar þar sem mikilvæg og áhugaverð verkefni eru krufin.

Hæfniviðmiðum íslensku er skipt í fjóra flokka, talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Þessir flokkar eru samofin heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af öðrum og mikilvægt að hafa það í huga í kennslu.

Hugtök

| Lestur/bókmenntir | Málfræði | Stafsetning | Ritun |
|-------------------|-------------------|-----------------------|--------------------|
| Lesskilningur | Orðflokkagreining | | |
| Leshraði | Nafnorð | | |
| Orðaforði | Lýsingarorð | | |
| Boðskapur | Sagnorð | | Punktur |
| Líkingar | Sérnöfn/samnöfn | | Komma |
| Myndmál | Samheiti/andheiti | | Upphaf |
| Rím | Greinir | Stór og lítill stafur | Meginmál |
| Ljóðstafir | Kyn | ng/nk reglan | Endir |
| Ljóðlína | Fall | -n/-nn reglan | Setningar |
| Ljóð | Eintala/Fleirtala | Tvöfaldur samhljóði | Málgreinar |
| Þulur | Nútið/þátíð | | Forsíða/baksíða |
| Vísur | Nafnháttur | | Persónulýsingar |
| Ævintýri | Orðtök | | Mismunandi málsnið |
| Þjóðsögur | Málshættir | | |
| Myndasögur | Stafrófsröð | | |
| Blaðagreinar | Margræðni orða | | |

Íslenska

| Námsþættir: | Námsefni: | Hæfniviðmið: <i>Að nemendur:</i> | Leiðir: |
|-----------------------------------|---|--|--|
| Talað mál, hlustun og áhorf | | <ul style="list-style-type: none"> – geti hlustað og skrifað niður eftir upplestri | |
| Lestur og bókmenntir | Málrækt 1 Skrift 3-4 Lestrarbækur Sögubækur Ljóð Ítarefni 123. Skóli Skólavefurinn Hugarkort Efni frá MMS Verkefnahefti | <ul style="list-style-type: none"> – geti lesið texta við hæfi með góðum hraða – geti lesið sér til ánægju og fróðleiks – geti gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekinn texti hefur á sig – geti greint frá og fjallað um aðalatriði í texta – geti svarað spurningum úr texta – geti notað heilar setningar við svörun – geti lesið gamlar bókmenntir þar á meðal þjóðsögur og ljóð – geti lesið nýjar bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum – þekki bókmenntafræðilega hugtakið um tíma – þekki bókmenntafræðilega hugtakið um sögusvið – þekki bókmenntafræðilega hugtakið um boðskap – þekki hugtakið rím – þekki hugtakið ljóðlína – þekki hugtakið ljóðstafir – þekki hugtakið líkingar – geti aflað sér upplýsinga úr ýmsum gagnabrunnum – geti lagt mat á trúverðugleika upplýsinga – geti lesið úr einföldum tölulegum upplýsingum og túlkað þær – geti lesið úr einföldum myndrænum upplýsingum og túlkað þær | Innlögn Útlistunarkennsla Unnið eftir aðferðum <i>Læsi fyrir lífið</i> Lesið, spurt og spjallað Þjálfunaræfingar Þrautalausnir Hópavinna Paravinna Umræðu- og spurnaraðferðir Skapandi vinna Stöðvavinna Sjálfsmat |

| | | | |
|-----------------|---|--|--|
| Ritun | | <ul style="list-style-type: none"> – geti skrifað læsilega og af öryggi – geti beitt helstu atriðum í stafsetningu – þekki regluna um hástafi og lágstafi – geti beitt helstu atriðum í greinamerkjasetningu – geti beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og skipulagt skrif sín – geti samið texta þar sem eigin sköpun er beitt – geti tjáð hugmyndir sínar og reynslu með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa hana – geti skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, hvort sem er á blaði eða í tölvu – þekki hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag og notar þau við sögugerð – geti skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu – geti vísað til heimilda | |
| Málfræði | | <ul style="list-style-type: none"> – geti raðað í stafrófsröð og þekkir notagildi þess við leit og skipulag – geti notað fjölbreyttan orðaforða í ræðu og riti – þekki nafnorð og helstu einkenni þeirra – þekki sagnorð og helstu einkenni þeirra – þekki lýsingarorð og helstu einkenni þeirra – geti bætt greini við nafnorð – þekki tölur nafnorða – þekki kyn nafnorða – geti fallbeygt – geti stigbreytt lýsingarorð – þekki samheiti – þekki andheiti – þekki og getur mótað málsgreinar og efnisgreinar – geti notað orðtök og málshætti í töluðu eða rituðu máli | |
| Námsmat: | <p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Lesfimipróf eru þrisvar sinnum yfir veturinn og lesskilmingskönnunin Orðarún er lögð fyrir tvisvar yfir árið. Stafsetningarkönnun er lögð fyrir einu sinni. Orðalykill – orðaforðapróf lagt fyrir einu sinni yfir árið.</p> | | |

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

| | |
|---|--------------------|
|  | Framúrskarandi |
|  | Hæfni náð |
|  | Á góðri leið |
|  | Þarfnast þjálfunar |
|  | Lokið |
|  | Ólokið |
|  | Undanþága |